

JÓN ÓLAFSSON ÚR GRUNNAVÍK

ANIMADVERSIONES
ALIQVOT & PAULO FUSIOR PRÆSENTIS
MATERIÆ EXPLANATIO

Hugleiðingar um sótt og dauða íslenskunnar

Birt hafa Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson

Í HANDRITINU Lbs 853 4to (síðari hluta) eru uppskriftir Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á kvæðum Eggerts Ólafssonar (2–23, 44–86), þ. á m. kvæðinu Sótt og dauði íslenskunnar. Á eftir því er annað kvæði (bls. 24–29), svipaðs efnis en jafnframt lofgjörð um hið fyrra. Þetta kvæði er eftir Jón sjálfan. Því næst eru athugasemdir í framhaldi kvæðisins (bls. 30–31) og síðan viðaukar tveir, hinn fyrri um ástand Íslands (bls. 31–35), hinn síðari og lengri um orsakir spillingar íslenskunnar o.fl. (bls. 35–44) eða um „þad Íslenskunnar Trubl og ram-skiælda Böguskap, sem af Dönskunni stendr“ (bls. 36). Hann er frá árinu 1759.

Þetta er ritgerð um ástand íslenskunnar á dögum Jóns og gagnrýni hans á ýmsa þætti í máli samtímans (sjá nánar Jón Helgason 1926:306–308 og Gunnlaug Ingólfsson 1994). Í ritgerðinni er einkum fjallað um erlend orð í íslensku og hvaðan þau muni komin, svo og dönsk orð í samtímanum sem bjaga málið en framan af er vikið að orðum úr öðrum áttum og má segja að ritgerðin sé að hluta til nokkurs konar ágrip — eða tilhlaup til ágríps — að yfirliti um erlend áhrif á orðaforðann.¹ Eftir þetta ágrip víkur Jón svo sérstaklega að hinum vondu áhrifum dönskunnar á íslenskt mál og gagnrýnir þar lærða menn, einkum löglærða og kirkjunnar menn. Í lokaorðum ritgerðarinnar koma fram skoðanir hans á því hvað styður tungumálin og heldur þeim við.

Jón telur í upphafi að ekki sé nokkurri tungu hætta búin af einstökum erlendum orðum, svo sem nöfnum á nýjum hlutum sem komi t.d. í sambandi við verslun og viðskipti (bls. 36). Hann nefnir allmörg dæmi um slík orð og

¹ Verður hugað að þeim þætti hér í ljósi síðari tíma rannsókna og þá einkum stuðst við orðasifjabók Ásgeirs Bl. Magnússonar (1989) og rannsóknir Halldórs Halldórssonar á tökuorðum en þær koma m.a. fram í stafsetningarorðabók hans (1994).

rekur hvaðan þau muni komin. Úr lágbýsku — *plattþýðsku* — eru komin orð eins og *kaprún*, *buxur*, *mussa*, *peisa* og má það flest til sanns vegar færa. Þá nefnir hann *kaskeiti*, *kjól* og *vesti*, enn fremur *hálsklút*, *sokka* og *hosur* (bls. 38). Flest eru þetta tökuorð en nokkur munu einfaldlega komin til okkar úr dönsku eins og *kjóll* og *vesti*, enn önnur eru líklega miklu eldri tökuorð svo sem orðið *sokkar* sem e.t.v. er komið um fornensku og svo nefnir hann *húfu*, *hatt*, *hettu* og *trefil* sem nú eru álitin erfðorð.

Sigling Englendinga hefur m.a. haft þau áhrif að hér finnast nokkur orð úr máli þeirra, einkum á Vestfjörðum, en ekki nefnir Jón þau sérstaklega heldur nokkur sem komin eru um allt land, t.d. *kokkáll* og er það reyndar talið to. úr fe. en franskt að uppruna og því eldra í málinu en „sigling engelskra“ (bls. 37). Hann telur hér einnig orðin *happ*, *heppinn*, *heppni* og *heppnast*, svo og að *púla* (bls. 37–38) en þetta eru nú allt talin sameiginleg erfðorð.

Þegar að þýskum kemur, tekst Jóni ekki vel upp. Hann telur orð eins og *kátlegur* þaðan komin en *kátur* er norrænt erfðorð og á sér ekki samsvaranir í öðrum germönskum málum. Enda gefst hann upp og nefnir ekki fleiri orð úr þýsku en snýr sér þess í stað að orðunum *kot*, *kotún* og *kotra* og rekur ættir þeirra allt frá ensku yfir í spænsku, pólsku og ungversku (bls. 38); má vera að tiltækar handbækur hafi hér leitt hann á villigötur?

Nokkur orð telur Jón vera úr frönsku komin, svo sem *fustan* og *prísund* (bls. 38). Það er rétt athugað að þessi orð munu eiga uppruna sinn í fornri frönsku en eru þó líklega til okkar komin úr miðlágbýsku eða miðensku. Enn fremur getur Jón þess að ýmis orð er tilheyra hernaði muni úr frönsku komin, svo sem *manga* kvk. ‘valsöngva’, *buklari*, *gladiel* og *harneskja* (bls. 38). Síðari fræðimenn hallast þó að því að þessi orð muni úr frönsku komin um miðlágbýsku í norrænu.

Jón telur það lítt saka þótt í málið séu tekin orð úr svo ólíkum tungum sem latínu (bls. 37), t.d. *titill*, *dekur*, *sánta* ‘bölv’, eða klipin af latneskum orðum svo sem *antúr*, af hinni gömlu pápisku tónandi: *amabantur*, *legebantur* o.s.frv; og enn fremur *rémus* af *oremus*.

Commenta er brúkanligt ord að Vest-fjörðum fyrir líjtíð *herbergi*, edur *Af-hws*, mun vera af at *commentera*; so sem madr sie þar af-sijdis, edr in *Secessu*, til at meditera, edur *commentera* nockud (bls. 37)

Jón ritar þetta síðasttalda orð með tveimur *m*-um en algengari miklu er myndin *kómenta* sömu merkingar og virðist ekki bundin við Vestfirði eina. Uppruni orðsins er reyndar á huldu en þess má geta að skýring Jóns er ein af þeim sem til greina koma enn í dag. Í sambandi við orðið *rémus* ‘hik, óákveðni’ má

benda á að Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:754) styðst við skýringu Jóns í orðasifjabók sinni. Hins vegar er allt vafasamara með skýringu Jóns á orðinu *antúr* 'leiðindahegðun' — að það sé dregið af seinni hluta orðmynda eins og *amabantur*, *legebantur* (bls. 37). Reyndar er allt óvíst um uppruna þessa orðs. Ásgeir telur vafalaust að það sé tökuorð, hingað komið úr einhverju öðru norrænu máli en hafi í öndverðu æxlast af latínu *adventura* sem orðið *ævintýri* er runnið frá. Orðið *titill* er efalaust talið úr latínu en *dekur* tengir Ásgeir við norræna orðstofna og telur að tilgátur um latneskan uppruna orðsins fái tæpast staðist. Orðið *sánta* (nú stafsett *sankta*) í merkingunni 'bölva, ragna' telur Jón að sé af lat. *sanctus* 'heilagur' og Ásgeir telur í orðsifjabók sinni að blótsyrðismerkingin sé líklega af því runnin að nota *sancti*-, þ.e. alls konar dýrlinganöfn í margs kyns swardögum og staðhæfingum og gætu síðskiptin átt einhvern þátt í merkingarferli sagnarinnar.

Jón nefnir ýmis alkunn kirkjuleg orð, ýmist af latnesk-grískum toga eða fengin úr grannmálunum og finnur ekki að því nema síður sé. Honum er ljóst að orðið *guðspjall* er tekið beint úr ensku, einnig telur hann að so. *blessa* sé þaðan komið og telur aðgætandi hvort það eigi ekki skylt við *blóta* (bls.39). Þess má til fróðleiks geta að bæði Ásgeir og Halldór Halldórsson telja *blessa* tökuorð úr fornensku. Ásgeir (1989:64) tengir rót orðsins fremur við *blód* en Halldór (1994:27 (sjá *blessan*)) tengir hana hiklaust við *blót*.

Jón gagnrýnir að Íslendingar skuli að þarflausu apa eftir Dönum sín á milli þó að hann viðurkenni reyndar að þeir þurfi að babla við Dani og aðrar þjóðir á þeirra eigin tungu (bls. 39–40): „Enn þessi þarflausvi Íslendjnga Apaskapr eptir Dönum, maa afla manni skapraunar, ef ei undireins Væmu, Kliju og Uppsölu.“

Jón telur enn meiri skapraun og minnkun er þeir sem lærðir vilja kallast og látast vera svo sem reglubundnir og siðavandir yfirmenn gjöra sig að slíkum apynjum, eins og hann orðar það (bls. 40), og víkur síðan að löglærðum mönnum og kirkjunnar mönnum.

Í kaflanum um málfar löglærðra (bls. 40–41) rekur Jón mörg dæmi um dönskuskotið mál og setur sínar íslensku tillögur í sviga á eftir. Hér verður látið nægja að rekja lítið dæmi. Þeir tala um að fá *dóminn* *beskrifaðan* fyrir 'alskrifaðan' eða 'hreinskrifaðan'. *Kópiu* eður *genpart* vantar mig af honum, þ.e. 'jafngilda eftirskrift', sem sé *vidimeruð*, þ.e. 'sjónarvitni um borið', og *attesteruð*, 'vitnanlega styrkt', svo að hún megi *validera*, þ.e. 'löggild vera'. En til minnar kröfu skal ég hafa *bevísingar*, þ.e. 'auðsýningar' eða 'skírteini' o.s.frv.

Jón fullyrðir að íslenskir jústistar og lögspekingar geti og kunni varla öðru-

vísi að tala, en úr sumu þessu muni *Tyro Juris Sveins Sölvasonar lögmanns* greiða nokkuð. *Barn í lögum* nefndi lögmaðurinn bókina á íslensku en Jón (bls. 41) vildi láta hana heita

Vid-væning i Lögum, edur *Laga Vid-vænjng*, þá Eg var vid Correction-ena á honum, þá hann var hier prentadur, enn mjer leidst ei at umm-breita einu orde, og liet eg það so vera.

Þá víkur hann að málfari kirkjunnar manna (bls. 42): „enn mun vorum Lærdu Andligrar Stjettar mönnum fara altíð betur wr hendi. fiærri fer það.“ Hann undrar hversu illa hefur til tekist við að snúa dönskum bókum á íslensku (bls. 42):

... at ef nockurt Ord er einshljóðandi edur vid-lijka hljóðandi i báðum Tungunum, þa taka þeir strax, an Efanar, þann Significatum, sem þeirra Maali hlýdir; enn slikt bregst marg-falldliga.

Hann vill þó ekki tala margt um þetta en nefnir þó nokkur dæmi eins og *uppá það fyrir fyrir því, þar fyrir, þess vegna, sökum þess, vegna þess* o.s.frv. (bls. 42–43). — Hér er nógu orðríkt í íslenskunni.

Jón finnur einnig að ýmsum atriðum öðrum svo sem titlatogi, réttitun og skrift (bls. 43–44). Hann leggur áherslu á að hann hafi fundið að ‘óþarfa nýbreytni’ í tungunni en segir svo orðrétt (bls. 44):

... eingin Twnga varir allajafna i sama Standi jaa varla yfir 200. ar, so eckert skeiki; so eigi er einwngis Commerciis, edur vidskiptum annara þjooda alltid umm at kenna, edur þeim framandi, sem adkoma, og verda bw-fastir i Landi nockru. Enn Twngu málum hallda helldst Bækur vid, og einna helldst þa prentadar eru; og a-samt þeim Lærdir ‚menn/ med Lexicis, Glossariis, Grammaticis og þess haattar Skrifum, og Poëtæ þvj nærst; og þó hvad helldst prestar, med þeirra idulegu orda lagi til almwga.. Gef þw, at moadurmalit mitt etc. qvad Sira Hallgr: ...

Enn sökum þess, at nw i þessu Sinni, er eigi a-setnjngur minn, at gjöra af þessu meira enn so, at swyna nockurt ávæni þánka minna; þa Læt Eg hier umm full-farid ad þessu Sinni.

Fremst í handritinu Lbs 853 4to eru 6 saurbloð með titilsíðu og efnisyfirliti eftir Pál stúdent Pálsson. Handritið sjálft skiptist í tvo hluta, eða eins og stendur á titilsíðu:

Ljóða-Bók IV. í tveimur þórtum. innih. Ljódmæli Eggerts Vice Lög-

manns Ólafssonar /: fyrri part. með hendi Gudmundar Helgasonar Isfold. og Jóns (seinna systlumanns) Jónssonar Seinni part. með hendi Jóns Ólafssonar Grunnvíkings:/

Fyrri hluti handritsins er 292 blöð (talin eru með gamalt saurblað og tveir miðar). Síðari hlutinn er 46 bl. (92 bls.) en þrjú síðustu blöðin eru auð. Ritgerð Jóns um sótt og dauða íslenskunnar er í síðari hlutanum á bls. 30–44. Fyrsta blaðsíðan er titilsíða og hljóðar svo:

TRAGEDIA; þat er Sorgligt Sjöonar spil, og satt uppdictad Æventyr, umm Scott og Dæda Is-lendskunnar, (hinnar af-gömlu Mødur Vorrar.) [ordt og samsett af Monsr. Eggert Olafssýne, circa Annum 1754. [þá hann var æ sinni Land-physisku Reisu i Iss-landi.] Í Tveimur Qvædum framm-sett; af hverjum hvert umm sig má vera. Einn Actus; og hver Oda ein Scena. Qvædit fyrra umm Scottar ferli og Medala Leit Iiss-lendskunnar. Med Lag: Krabbinn talar við Kröggann sinn — Kröggann sinn &c.²

Þessi titill handritsins á fyrst og fremst við kvæði Eggerts Ólafssonar um sótt og dauða íslenskunnar, sem er á bls. 2–23, en Jón skiptir því í tvo hluta. Titilsíðan á ekki við um annað efni kversins þótt aftan við ritgerð Jóns séu 9 kvæði eftir Eggert (bls. 44–86).

Texti Jóns er birtur hér stafréttur eftir Lbs 853 4to. Til er afrit, sem Páll Pálsson stúdent skrifaði, í Lbs 231 8vo. Hefur það verið haft til hliðsjónar þar sem vafi gat leikið á um leshætti og eins þar sem frumhandritið hafði verið skorið svo að gekk út yfir textann.

HEIMILDIR

Lbs 853 4to

Lbs 231 8vo

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
Gunnlaugur Ingólfsson. 1994. Um sótt og dauða íslenskunnar. *Hræringur úr ritum Grunnavíkur-Jóns*. Erindi flutt á málþingi um Jón Ólafsson úr Grunnavík laugar-daginn 16. apríl 1994:47–50. Orðmennt og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, Reykjavík.

² *Bætt við neðanmáls*: spectat ad Dissertationem meam defatis Lingvæ Islandicæ.

Eftirfarandi fullyrðingu, sem er röng, er bætt við neðanmáls með annarri hendi: Þetta er-nifallor skrifhönd Profasts Sr Gunnars Pálssonar í Hjardarholte.

- Halldór Halldórsson. 1994. *Stafsetningarorðabók með skýringum*. 4. útg. aukin og endurskoðuð. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1926. *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Safn Fræðafjeldagsins um Ísland og Íslendinga V. Kaupmannahöfn.

SUMMARY

In 1759 Jón Ólafsson (1705–1779) wrote an essay about the state of Icelandic and criticized various aspects of the language of his time. In the first half of the essay, Jón discusses foreign words in Icelandic and from where these words have come; one could say that the essay is a kind of experiment, an overview of foreign influence on Icelandic vocabulary. In the second half of the essay, Jón criticizes the negative influence of Danish and aims his criticism at learned men, especially those who know the law, at clergy, and at those who engage in translating foreign languages into Icelandic. In the conclusion, he offers his opinions about what makes a language a living one, concluding that books, especially printed ones, learned men who have compiled dictionaries and written grammars, poets, and, last but not least, priests do that.

Gunnlaugur Ingólfsson
Orðabók Háskólans
Neshaga 16
107 Reykjavík
gi@lexis.hi.is

Svavar Sigmundsson
Heimspekideild Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
svavar@rhi.hi.is